

## Álftarimi 2

Í þjónustunni er **virðing við einstaklinginn** höfð að leiðarljósi og ávallt er leitast við að skapa fötluðu fólki sem **eðlilegust lífsskilyrði og lífskjör**. Unnið er út frá því að **sjálfstæði og sjálfsákvörðunarréttur** einstaklingsins sé ávallt virtur og stefnt skal að því að **auka lífsgæði** fatlaðs fólks. Ákvörðun um dvalartíma er einstaklingsmiðuð en **Fagteymi** þjónusturáðs Suðurlands **metur þörf** og tekur ákvörðun um veitingu þjónustu í samráði við **forstöðumann** skammtímvistunar.

Lögð er áhersla á **afþreyingu og tilbreytingu**, eflingu athafna daglegs lífs, ásamt **eflingu félagsþroska** og að **tómstundaiðkun** sé sem fjölbreytilegust.

Starfsfólk leggur ríka áherslu á að Skammtímvistunin sé **hlýleg** og að öllum **líði vel**. Hver **einstaklingur er einstakur** og honum þarf að mæta út frá hans **eigin forsendum**.

Skammtímvistunin Álftarima 2 er rekin af þjónustusvæði Suðurlands í málefnum fatlaðs fólks.

### Félagsþjónustan í Árborg

Halla Steinunn Hinriksdóttir, ráðgjafarþroskaþjálfari

Sími: 480-1900 og Netfang: hallast@arborg.is

Sigríður Elín Leifsdóttir, ráðgjafarþroskaþjálfari

Sími: 480-1900 og Netfang: sigridurelin@arborg.is

### Skóla- og velferðþjónusta Árnesþings

Arna Ír Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi

Sími: 483-4000/480-1180/480-3800

Netfang: arna@laugaras.is

### Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu

Dögg Þrastardóttir, félagsráðgjafi

Sími: 487-8125 og Netfang: dogg@felagsmal.is



## Skammtímvistun Álftarima 2

 Hlusta—Styrkja—Styðja



Þjónustumiðstöðin  
Álftarima 2  
800 Selfoss

Sími: 480-6925  
Gsm: 864-1869  
Tölvupóstur:  
brynhildurj@arborg.is

## Um skammtímvistunina

- ◆ Skammtímvistunin á Selfossi starfar samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.
- ◆ Sótt er um þjónustu í skammtímvistun hjá **félagsþjónustu þess sveitarfélags sem viðkomandi á lögheimili** í. Öllum umsóknum er svarað skriflega. Forstöðumaður skammtímvistunar undirbýr viðkomandi undir dvöl í skammtímvistun.
- ◆ Yfirleitt dvelja **sex einstaklingar** í skammtímvistuninni samtímis. Opið er bæði **virka daga og um helgar**. **Ekki er opið á stórhátíðardögum og lokað er í nokkrar vikur á sumrin**. Á sumrin er boðið upp á **5-6 daga dvöl** og er þá opið allan sólarhringinn.
- ◆ Áhersla er lögð á **gott samstarf og samskipti** við forráðamenn og aðstandendur. Þeir geta alltaf **leitað til** starfsmanna félagsþjónustanna og skammtímvistunar.

## Hagnýtar upplýsingar

- ◆ Þeir sem dvelja í Skammtímvistuninni um helgar og á sumrin greiða í sérstakan **tómstundasjóð** til þess að standa straum af kostnaði vegna ýmissa tómstundatilboða. **Hver og einn hefur sinn sjóð**. Kostnaður vegna fylgdarmanns/manna greiðist af þeim sem dvelja í húsinu hverju sinni. Að dvöl lokinni er **sjóðurinn gerður upp** og ef einhver afgangur er þá geymist hann til næstu dvalar.
- ◆ Ef einstaklingur er **veikur** vegna umgangspesta eða annars slíks getur hann **ekki komið** til dvalar í skammtímvistunni. Ef einstaklingur **veikist** meðan á dvöl stendur eru aðstandendur **láttnir vita** og mælst er til þess að viðkomandi **fari heim**.



## Framhald

- ◆ Mikilvægt er að allur **fatnaður** og aðrar **persónulegar eigur** séu **vel merktar**. Foreldrar og forráðamenn **bera ábyrgð** á persónulegum munum þeirra einstaklinga sem eru **yngrri en 18 ára**.
- ◆ Þeir sem nota lyf og/eða taka reglulega inn vítamín eiga að vera með þau **skömmtuð í lyfjaboxum eða í lyfjaskömmtun frá apóteki**. Lyfin skulu afhent starfsfólki við komu. Það er á **ábyrgð foreldra** að rétt lyf séu afhent fyrir hvern dag og láta vita ef um breytingar er að ræða.
- ◆ Öll samskipti við **ferðaþjónustu** fatlaðs fólks og skólaakstur eru á **ábyrgð foreldra og forráðamanna**.